



Varmahlíð. Samantekt um lindir

Pórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-92-08



Varmahlíð Samantekt um lindir

Vatnsbólslind Varmahlíðar er tæplega 300 m niður með afleggjaranum heim að Fjalli. Vatnið kemur upp á aflíðandi melhrygg og var náttúrulegt afrennsli til vesturs, þ.e. til Sæmundarár, áður en þar var virkjað. Þessi lind er í sem næst 220 m hæð yfir sjó en miðlunartankur vatnsveitunnar er ríflega 100 m neðar í landinu rétt utan við Brekku. Vatnsuppkoman er líklega tengd malarásam, sem mikið er um í mynni Vatnsskarðs. Malarásar eru oft úr tiltölulega hreinni og vel vatnsleiðandi mól og sést hún til að mynda malaránámum Vegagerðarinnar. Þeir liggja í höfuðdráttum frá suðri til norðurs og þar sem þeir eru neðan grunnvatnsborðs beina þeir grunnvatnsstreymi í sína stefnu.

Ekki er gjörla vitað um hver vatnspörf Varmahlíðar er. Oft má reikna með að það þurfi um 1 l/s fyrir 100 íbúa að því tilskyldu að miðlunartankur sé rúmgóður. Svo er í Varmahlíð, en á hinn bóginn getur vatnspörf vegna ferðamanna á sumrin sett strik í reikninginn.

Hægt er að afla viðbótarvatns þegar þess gerist þörf úr brunni, sem er á austurbakka Víðimýrarár rétt utan við Víðimýri, en því vatni verður að dæla. Það er í sjálfu sér ekkert við þá vatnsöflun að athuga og ætti að vera hægt að fá þaðan gallalaust vatn. Að sönnu er brunnurinn aðeins 7 m frá ánni, en þegar hann var skoðaður í júní 1992 virtist vatnið í honum vera blátært og bólið hið þokkalegasta. Brunnstúturinn nær vel upp úr jörð, en vel færi á að næsta umhverfi hans væri kýft, grætt upp og afgirt. Þarna er vatnslögn nú þegar til staðar og

rafmagn og dæla tiltæk í næsta nágrenni. Þegar tekið er tillit til hve stopul not eru fyrir viðbótarvatn, verður að telja þetta frekar snoturt varavatnsból. Rétt er þó að mæla með að taka sýni til gerlarannsóknar af vatninu næst þegar nota þarf vatn héðan.

Undirritaður hefur á undanförunum árum litið svolítið til linda í grennd við Varmahlíð. Hér á eftir eru nokkur minningabrot upp úr gömlum dagbókum, að mestu um svæðið milli Víðimýrarár og Sæmundarár allt niður fyrir Íbishól. Staðsetning lindanna er sýnd á meðfylgjandi kortskyssu og vísar bókstafur innan sviga til hennar. Þær hafa ekki verið skoðaðar að vetri til eða eftir langvarandi þurrka, þannig að líklegt er að rennsli frá þeim geti orðið minna en fram kemur hér á eftir.

Vatnsbólslind Varmahlíðar við afleggjara heim að Fjalli (a)

Dags.	rennsli	hiti	leiðni
77.08.20	1 - 2 l/s	4,4° C	-
78.05.18	3 - 4 l/s	2,9° C	-
87.06.26	-	3,2° C	111 μS
92.06.25	-	3,4° C	98 μS

Lindinni er náð í samansóðnar stáltunnur og verður hún varla betur virkjuð að öðru leyti en því að betur færi á að brúnir brunnsins næðu betur upp úr jörð. Vatnið dregst að henni í tiltölulega þunnri mól og jökulurð sem hylur fast berg. Þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir að bólinu sé hætt við mengun frá yfirborði, a.m.k. ef miðað er við núverandi landnýtingu. Nokkuð ber á rennslissveiflunum í vatns-

bólinu og er vatnsskortur einkum til бага síðsumars í langvarandi þurrviðrum, en þá er vatnspörf jafnan mikil í Varmahlíð. Vatnsbólið er afgirt, en nokkuð þröngt er um það. Reikna má með að aðstreymi sé í höfuðdráttum úr suðri og suðsuðvestri. Rétt væri að alfriða dálítinn geira, $\frac{1}{2}$ til 1 hektara, upp með afleggjaranum.

Lind við læk skömmu innar (b).

Dags.	rennsli	hiti	leiðni
77.09.02	ca. 5 l/s	-	-
87.06.26	ca. 5 l/s	3,1° C	108 μ S
92.06.25	3 - 4 l/s	3,7° C	94 μ S

Uppspettan er í suðurbakka lækjar nokkur hundruð metra vestan við vatnsbólið. Hún liggur hins vegar rúmum 10 m neðar í landinu, þannig að það er umhendis að ná vatninu úr henni inn á aðveituaðina til Varmahlíðar. Annað hvort er að leggja frá henni í untalsverðan sveig norður fyrir hæðina, sem vatnsbólið er á, eða þá að koma vatninu upp í bólið með vatnshrút. Með því móti næst hins vega ekki nema hluti heildarvatnsmagnsins, þannig að þegar til lengri tíma er litið er það aðeins skammtímalausn. Lindin kemur upp á frekar hallalítlu, vel grónu landi og er friðunarþörf sambærileg við vatnsbólslindina.

Heildarrennslið í læknum hefur jafnan verið metið 10 - 15 l/s þegar að því hefur verið gáð. Lækurinn sá kemur nokkuð dreift upp inni á grasi gróinni flöt. Einstakir uppkomustaðir eru flestir á jöðrum flatarinnar og er ekki útilokað að einhverja þeirra megi grafa út og virkja. Sunnan við þetta svæði hverfur lækur að verulegum hluta ofan í urðina og er vatnið hér líklega að verulegum hluta lækurinn endurborinn.

Lind við Sæmundará skammt neðan við Gýgjafoss (c).

Dags.	rennsli	hiti	leiðni
87.06.26	2 - 3 l/s	3,7° C	121 μ S
92.06.25	ca. 2 l/s	3,7° C	105 μ S

Þessi lind er enn innar og liggur 7 - 10 m neðar en vatnsbólið. Önnur lindardrusla er um kílómetra niður með ánni og gaf hún nálægt 1 l/s 87.06.26.

Lind sunnan þjóðvegjar, skammt frá endurvarpsstöðinni (d).

Dags.	rennsli	hiti	leiðni
87.06.26	2,5 l/s	2,7° C	78 μ S
92.07.25	0,7 l/s	2,7° C	83 μ S

Þessi lind er ríflega kílómetra sunnan við hringveginn og liggur hún nálægt 100 m hærra en vatnsbólið við Fjallsafleggjara. Líklegast er að hún þorni alveg í langvarandi þurrkum, en þá er viðbótarvatn helst þörf. Þó er ekki sé útséð um það ennþá, altént er hér ekki feitan gölt að flá.

Lind sunnan við Sæmundará, gegnt bænum að Fjalli (e).

Dags.	rennsli	hiti	leiðni
77.08.20	ca. 10 l/s	3,9° C	-
87.06.26	ca. 15 l/s	3,7° C	124 μ S

Skammt frá aðaluppsprettunni eru tvær smærri lindir sem samtals gáfu um 3 l/s 87.06.26. Lindirnar við Fjall eru um 70 m lægra en vatnsbólið. Þetta er langsamlega gjöfulasta lindasvæðið hér um slóðir og að mörgu leyti vel í sveit sett; vatnið fæst úr myndarlegum malarási sem áin hefur þverskorið. Skammt sunnan við er tjörn í lægð milli hóla, en að öðru leyti virðist víðast nokkuð djúpt á grunnvatnsborð á aðrennslissvæðinu. Það er alla jafnan til marks um að vatnið sé sæmi-

lega vel varið fyrir mengun frá yfirborði. Lega lindarinnar er á hinn bóginn frekar óhæg með tilliti til virkjunar fyrir Varmahlíð. Ef vatn á að nást sjálfrennandi, verður lögnin frá henni að taka stóran sveig til norðurs. Hér er á hinn bóginn umtalsvert vatnsmagn að fá svo líklegt er að töluvert megi á sig leggja til að eignast vatnsból sem annað getur vatnsþörfinni um langa framtíð.

Hér með eru upp taldir vatnsöflunar-möguleikar á svæðinu vestur af Varmahlíð. Vera kann að einhverjar smáar lindir hafi farið framhá mér, en ólíklegt er að úr þeim fáið mikið. Hugsanlega geta einhverjar bleytur reynst fýsilegar ef þær liggja vel við núverandi vatnslögn og eru auðvirkjanlegar. Við beitarhús frá Brekku er alla jafnan ofurlítið vatnsframstreymi, en það er hverfult og var til að mynda vart merkjanlegt 77.08.20. Þá þekkja heimamenn gömlu vatnsbólalindirnar í mýrinni sunnan og vestan við Reykjarhólinn.

Ef litið er til möguleika á vatnsöflun annars staðar í grennd við Varmahlíð, eru einkum tveir staðir sem til greina koma. Annars vegar eru áreyrar inni í Vallhólma; sæmilegt vatn fæst varla úr brunnnum fyrr en inn undir Vallholti. Hins vegar eru nokkuð dreifðar lindir upp úr ármalarkeilu sunnan við Syðstugrund. Á báðum þessara er mikið vatn að fá en því þarf að dæla um langan veg.

Það virðist því einlægast að stefna að áframhaldandi vatnsöflun úr vestri og að framkvæmdum sé hagað í samræmi við vaxandi vatnsþörf.

- Það þarf að snyrta varabólið við Víðimýrará með það fyrir augum að það megi þjóna hlutverki sínu um nokkurra ára bil að minnsta kosti.
- Stækka þarf girðinguna umhverfis aðalbólið, hækka brunntopp og hlaða að honum.
- Gera þarf mælistúflur í lækina frá efnilegustu lindunum (þ.e. (b) og (e) á myndinni) og fylgjast með rennsli frá þeim um eins árs skeið.
- Rétt er að mæla gróflega fyrir leiðslustæði frá þessum lindum báðum til þess að geta borið saman kostnað við virkjun þeirra.
- Að loknum þessum mælingum skal stefnt á að virkja þá lindina sem vænlegri þykir.

Þórólfur H. Hafstað